




Tyllidagar

Útskýringar á íslenskum
hátíðisdögum og siðum

Shpjegimet e datave



Enska - English

Pólska - Polski

Spænska - Español

Filippseyska - Filipino

Arabíska - عَرَبِيّ

Rússneska - Русский

Kúrdíska - کوردی

Litháíska - Lietuviškai

Albanska - Shqip

Víetnamska - Tiếng Việt

Tælenska - ภาษาไทย

Farsi - فارسی

Þorrablót



Þorrablót var hátíð á öldum áður þegar Íslendingar blótuðu Þór sem var guð í norrænni ásatrú. Nú til dags fagna Íslendingar þorrablóti á sama tíma til að fagna þorramánuði sem áður var á dagatali Íslendinga. Í gamla daga var árinu skipt í tvær árstíðir, sumar og vetur. Þorri var fjórði mánuður vetrar og var frá 19.-25. janúar til 18.-24. febrúar. Fyrsti dagur þorra var bóndadagur. Íslendingur halda þorrann hátíðlegan með því að borða hefðbundinn vetrarmat sem var það eina sem var í boði yfir vetrartímann. Maturinn var yfirleitt fiskur og kjöt sem var geymt í salti og sýru. Í dag fagna Íslendingar þorranum með mikilli skemmtun þar sem sungið er og dansað og snæddur matur sem mörgum finnst ógeðfelldur. Þar má nefna blóðmör og lifrarpylsu sem saman er kallað slátur, sviðnir kindahauser (svið), kæstur hákarl og súrir hrútspungar. Annar eðlilegri matur er rúgbrauð sem áður var bakað við jarðhita, skyr, hangikjöt og harðfiskur með smjöri.

Þorrablót ishte një festë e shekujve të kaluar kur Islandezët adhuruan Þórin, i cili ishte një nga perënditë e fesë pagane Nordike. Në ditët e sotme, Islandezët festojnë þorrablótin në të njëjtën kohë që ishte më parë në kalendarin e vjetër të Islandezëve. Në kohët e lashta, viti ishte ndarë në dy stinë, verën dhe dimrin. Þorri ishte muaji i katërt i dimrit dhe ishte nga datat 19. – 25. Janar deri më datat 18. - 24. Shkurt. Dita e parë e muajit Þorri ishte dita e bujkut/zotit të shtëpisë. Islandezët festojnë sezonin e Þorra-së duke ngrënë ushqim tradicional dimri, i cili ishte i vetmi ushqim në dispozicion gjatë kohës së dimrit. Ushqimi ishte zakonisht peshk dhe mish i ruajtur në kripë dhe thartirë (turshi). Sot, Islandezët festojnë þorran me një argëtim të madh, duke kënduar dhe vallëzuar dhe duke ngrënë ushqime që shumë njerëzve u duket i pakëndshëm/neveritshëm. Këtu mund të përmendim gjalpë gjaku dhe salcice/sallam të mëlçisë të cilat së bashku njihen/quhen si therje/kasaphane e që janë kryesisht nga organet e brendshme të kafshëve, koka delesh të djegura, peshkaqenë i fermentuar/kalbur dhe herdhët/testicles e terura të dashit. Një tjetër ushqim natyral është buka e thekrës, e cila më parë ishte pjekur me nxemje gjeotermale, një lloj produkti qumështi (skyr), mish qingji i tymosur dhe peshk i thatë me gjalpë.

Bóndadagurinn

Fyrsti dagur mánaðarins þorra í gamla norræna tímatalinu er nefndur bóndadagur. Hann er alltaf á föstudegi í 13. viku vetrar. Sú hefð hefur skapast er að konur gefi bónda sínum blóm eða smágjöf á þessum degi.

Dita e parë e muajit þorra (þorra-periudhë kohore përafërsisht katër javë) në kalendarin e vjetër/lashtë Nordik quhet dita e bujkut/zotit të shtëpisë dhe është gjithmonë të premtën, në javën e 13të të dimrit. Traditë është që gratë ju dhurojnë lule/dhuratë burrave të tyre në këtë ditë.

Konudagurinn

Konudagur er fyrsti dagur mánaðarins góu í gamla norræna tímatalinu sem er sunnudagurinn í 18. viku vetrar á milli 18. – 24. febrúar. Sú hefð er að menn gefi konum blóm í tilefni konudagsins.

Dita e grave është dita e parë e muajit Góa në kalendarin e vjetër Nordik, e që është dita e dielë në javën e 18të të dimrit, ndërmjet 18. – 24. shkurt. Tradita është që burrat u dhurojnë grave të tyre lule me rastin e ditës së grave.



Bolludagurinn

Á Íslandi hefur tíðkast að borða bollur sem eru annað hvort vatnsdeigsbollur eða gerbollur fylltar með allskyns rjóma og sultu.

Rík hefð var fyrir því að föndraðir voru bolluvendir, oftast úr litríkum pappírsræmum sem límðar eru á prik. Börn flengdu svo foreldra sína með vendinum og hrópuðu; Bolla! Bolla! Bolla!

Në Islandë është praktikë e zakonshme të hahen kuleqë me brumë dhe pastë që janë ose kuleqë me pastë brumë uji ose kuleqë me maja të mbushura me lloje të ndryshme të kremërave dhe reçeleve. Ishte një traditë e pasur me shirita shumëngjyrësh letre të ngjitur në shkopinj. Fëmijët më pas i godisnin prindërit e tyre me shkopinjtë magjikë dhe bërtisnin: kulaq, kulaq, kulaq!



Sprengidagurinn
Á þessum degi tíðkast á
flestum heimilum á
Íslandi að elda réttinn
„Saltkjöt og baunir“.

Në këtë ditë, në
shumicën e shtëpive në
Islandë është
zakon/traditë që të
gatuhet gjella „Mish i
kripur dhe fasule“.



Öskudagurinn

Á þessum degi er hefð fyrir því að börn klæði sig í grímubúning og syngi fyrir fólk og fái að launum sælgæti. Að hengja öskupoka á fólk tíðkast á Íslandi og var lykilatriðið að koma pokunum fyrir svo að fórnarlambið tæki ekki eftir því.

Në këtë ditë, është traditë që fëmijët të vishen me maska/kostume dhe të këndojnë për njerëzit dhe si shpërblim marrin karamelë. Varja e çantave/qeseve të hirit mbi njerëzit ishte e zakonshme në Islandë dhe gjëja kryesore ishte vendosja e qeseve në mënyrë që viktimat/personi që i vihej qesja të mos e hetoj/vërej.



Páskar

Páskahátíðin tengist kristinni trú.
Síðasti sunnudagur fyrir páska
nefnist pálmasunnudagur.
Fimmtudagur fyrir páska heitir
skírdagur og daginn eftir er
föstudagurinn langi en þá er
frídagur. Páskadagur er sunnudagur
og þá borða börn súkkulaði sem
kallast páskaegg.

Pashkët lidhen me besimin e krishterëve. E
diela e fundit para Pashkëve quhet e Diela
e Palmës. Dita e pagëzimit është dita e
enjte para Pashkëve, ndërsa dita tjetër
është e premtja e gjatë, kur përkujtohet
kryqëzimi i Jezusit/Krishtit. Dita e
Pashkëve është dita e dielë, në atë
ditë, fëmijët festojnë duke ngrënë
çokollatë të quajtur vezë të Pashkëve.



Sumardagurinn fyrsti

Sumardagurinn fyrsti er fyrsti dagur hörpu, sem er fyrstur af sex sumarmánuðum í gamla norræna tímatalinu. Sumardaginn fyrsta ber alltaf upp á fimmtudag á tímabilinu 19. – 25. apríl.

Samkvæmt íslenskri þjóðtrú boðar það gott sumar ef sumar og vetur frjósa saman. Á undanfórnum árum hefur færst í vöxt að bæjarfélög haldi ýmiss konar hátíðir fyrir börn og fjölskyldur þeirra á þessum degi.


Dita e parë e verës është dita e parë e Harpës, Harpa është muaji i parë nga gjashtë muajt e verës në kalendarin e vjetër Nordik. Dita e parë e verës është gjithmonë të enjten ndërmjet datave 19të dhe 25 prill. Sipas traditës e besimit Islandez nëse vera dhe dimri ngrihen së bashku, do të jetë një verë e mirë. Viteve të fundit gjithnjë e më shumë, autoritetet lokale/komunat organizojnë festa të ndryshme për fëmijë dhe familjet e tyre në këtë ditë.



Sjómannadagurinn

Sjómannadagurinn er fyrsti sunnudagurinn í júní ár hvert. Hann er hátíðisdagur allra sjómanna. Flest bæjarfélög halda upp á þennan dag með einhvers konar skemmtidagskrá við höfnina.

Dita e peshkatarit është e diela e parë në qershor të çdo viti. Ajo është ditë e festës për të gjithë peshkatarët. Shumica e qyteteve/komunave ofrojnë programe të ndryshme argëtimi afër porteve detare.





17. júní

Íslenski þjóðarhátíðardagurinn er haldinn hátíðlegur 17.júní ár hvert. Það er fæðingardagur Jóns Sigurðssonar og almennur frídagur. Á 17. júní er fjölbreytt hátíðardagskrá til að minnast lýðveldi Íslands þann 17. júní 1944.

Dita Kombëtare e Islandës festohet solemnisht më 17. Qershor çdo vit, e cila ditë është ditëlindja e Jón Sigurðsson dhe është ditë pushimi. Më 17 qershor, organizohen programe të ndryshme festive për të shënuar/kujtuar ditën e Republikës së Islandës, 17. Qershor 1944.



Verslunarmannahelgi

Frídagur verslunarmanna er fyrsti mánudagur í ágústmánuði. Hann myndar þriggja daga helgi sem kölluð er verslunarmannahelgi. Frídagur verslunarmanna var upphaflega bara fyrir verslunarmenn en þessi þriggja daga helgi varð mjög vinsæl sem almenn ferðahelgi og mánudagurinn er nú lögboðinn frídagur. Helgin er ein mesta ferðahelgi ársins og fjölbreyttar útihátíðir eru haldnar víða um landið.


Fundjava e punonjësve të dyqaneve/tregtarëve është e hëna e parë në gusht. Formon një fundjavë tre-ditore te quajtur fundjava e punonjësve të dyqaneve/tregtarëve. Edhe pse fillimisht mendohej se festa e tregtarëve ishte festë e disa profesioneve të veçanta/caktuara, për faktin se kjo fundjavë e trefishtë u bë e njohur si një festë e përgjithshme, dita e punonjësve të dyqaneve/ tregtarëve u bë festë ligjërisht e obligueshme dhe prandaj dita e hëne është ditë pushimi për të gjithë. Kjo fundjavë është një nga fundjavët më të medha të udhëtimeve të vitit ku organizohen festime gjithandej vendit/Islandës.



Þorláksmessa

Þorláksmessa er þann 23. desember. Hún er kennd við Þorlák hinn helga Þorláksson biskup í Skálholti en hann lést þennan dag. Í dag er Þorláksmessa hluti af jólaundirbúningnum og þá borða margir kæsta skötu og lyktin af þorláksmessuskötunni finnst um allan bæ.

Þorláksmessa është më datën 23 dhjetor dhe mbahet në shenj përkujtimi të Þorlák-ut, Peshkopi i Shenjtë në Skálholt (kishë), i cili vdiq pikërisht në atë datë. Sot, Þorláksmessa është pjesë e përgatitjeve të Krishtëlindjes, ku njerëzit hanë një lloj peshku (skata) të thartë pothuajse të kalbur.



Jól

Jól eru haldin hátíðleg þann 24. desember. Jólin eru hringd inn klukkan sex á aðfangadagskvöld. Jólamaturn er oftast kjötmeti s.s. rjúpa, hangikjöt eða hamborgarahryggur ásamt meðlæti. Flestir verja aðfangadagskvöldi með fjölskyldunni og opna gjafir eftir jólamatinn. Jólaskreytingar eru áberandi á Íslandi og jólaljósir lýsa upp dimmasta skammdegið.

Krishtlindja festohet me daten 24. Dhjetor. Ju bëhet thirrje Krishtlindjeve në oren 18.00. Në Islandë, festa e Krishtlindjes festohet natën e Krishtlindjes më 24 dhjetor, ku njerëzit shkëmbejnë dhuratat ndërmjet tyre. Darka e Krishtlindjes është ptarmigan shkëmbi, qingj i tymosur dhe derra i tymosur. Dekoret e Krishtlindjes janë të shquara në Islandë dhe dritat e Krishtlindjes ndriqojnë ditët dhe netët e errëta të dimrit.





Gamlárskvöld

Gamlársdagur er síðasti dagur almanaksársins 31. desember, í vestrænni menningu. Margir minnst liðins árs á gamlárskvöld og fagna hinu nýja ári með veisluhöldum og með því að skjóta upp flugeldum. Ýmsar hefðir eru í kringum hátíðarhöld og víða eru áramótabrennur.

Nata e vitit të ri në kulturën perëndimore është në ditën e fundit të vitit kalendarik, pra më 31 dhjetor. Në natën e vitit të ri, viti që po kalon përkujtohet dhe shikohet nga viti i ri. Tradita të ndryshme ekzistojnë rreth festimit në atë ditë, por në shumicën e rasteve përdoren fishekzjarre dhe ndizen zjarre.

Þrettándinn

Lokadagur jóla er 6. janúar. Þá fer síðasti jólasveinninn aftur til fjalla og þar með lýkur jólunum. Á þrettándanum eru oft haldnar útiskemmtanir með brennu, dans og söng. Þar koma stundum fram álfar, tröll og jólasveinar. Fólk kemur saman við brennuna með kyndla, skýtur upp síðustu flugeldunum frá áramótum og syngur saman áramóta- og álfasöngva.

Dita e fundit e Krishtlindjeve është me 6. Janar. Në at ditë babadimrat përsëri shkojnë në male dhe kështu përfundojnë Krishtlindjet. Shpesh ka veprimtari të ndryshme argëtuese në natyrë me ndezje zjarri, vallëzim dhe këndim. Aty shfaqen karanxholl, karrrem, babadimra dhe të tjerë të ngjashëm. Njerëzit mblidhen së bashku rreth zjarrit me pishtar, hedhin fishekzjarret e fundit nga viti i ri dhe këndojnë së bashku këngët e vitit të ri dhe kukudhëve/elves.





Menntastefna
Reykjavíkurborgar



MML
miðja máls og læsis